

# TILLAGA SAMNINGANEFNDAR EFLINGAR UM BOÐUN VINNUSTÖÐVUNAR

*Samninganefnd Eflingar - stéttarfélags samþykkir að láta fara fram almenna leynilega raf-ræna allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar, svo sem lýst er í eftirfarandi:*

Eftirfarandi vinnustöðvun nær til allrar vinnu við ræstingarstörf hjá ræstingarfyrtækjum sem unnin er skv. aðalkjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Eflingar - stéttarfélags sem gildi frá 1. apríl 2019 og rann út þann 1. nóvember 2022.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar - stéttarfélags vegna endurnýjunar þessa kjarasamnings fyrir hönd félagsmanna sinna hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.

Vinnustöðvunin nær m.a. til þeirra starfa undir ofangreindum samningi sem unnin eru og/eða gerð út frá starfsstöðvum eftirtalinna fyrirtækja á félagssvæði Eflingar skv. 1. gr. laga félagsins:

AP-Þrif ehf. .... kt. 450706-0350  
Dagar hf. .... kt. 460999-2439  
Sólar ehf. .... kt. 710102-2360  
Ræstitækni ehf. .... kt. 460502-4460  
Hreint ehf. .... kt. 660184-0159  
iClean ehf. .... kt. 560915-1360  
Nýþrif ehf. .... kt. 620801-2590  
Nostra ræstingar ehf. .... kt. 430309-1020  
Eignaþrif ehf. .... kt. 700819-1080

Vinnustöðvun nær að auki til annarra ræstingarfyrtækja skv. ofangreindu sem ótalin eru hér.

Vinnustöðvunin er ótímabundin og hefst klukkan 12:00 á hádegi **þriðjudaginn 28. febrúar 2023** nema kjarasamningar hafi tekist eða vinnustöðvun verið frestað fyrir þann tíma.

*Viðauki um atkvæðagreiðslu:*

Atkvæðagreiðsla um boðun þessa skal auglýst fyrir hádegi **mánudaginn 13. febrúar 2023**.

Atkvæðagreiðslu skal **lokið kl. 18:00 mánudaginn 20. febrúar 2023**.

Á kjörskrá vegna atkvæðagreiðslu um ofangreinda boðun vinnustöðvunar skulu vera þeir félagsmenn sem boðunin tekur til, sbr. heimildarákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslu skal fara samkvæmt „Reglugerð um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ“ samþykkt með áorðnum breytingum á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 20. desember 2017.

*Viðauki um verkfallsstyrk:*

Gert er ráð fyrir verkfallsstyrk að upphæð kr. 25.000 fyrir hvern þann dag sem félagsmaður missir laun vegna verkfalls, miðað við fulla vinnu.

*Svo samþykkt á fundi samninganefndar Eflingar - stéttarfélags haldinn sunnudaginn 12. febrúar 2023 kl. 14:00 í Félagshemili Eflingar, 4. hæð í Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.*